

Nd.

185. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er samið af aðalpóstmeistara, og hefir nefndin átt tal við hann um hækkun þá á burðargjöldunum, sem frv. fer fram á, og ráðfært sig við hann um breytingar þær, sem hún leggur til, að gerðar verði á því.

Nefndinni þótti það einkum varhugavert að hækka burðargjald fyrir almenn brjef svo mjög sem hjer er um að ræða, því að vel gæti það haft þau áhrif, að brjefunum fækkaði, jafnvel svo, að burðargjaldshækkunin borgaði sig ekki. Við því mundi miklu hættara um brjef en um aðrar póstsendingar, sem burðargjöld eru hækkuð á, en vafalaust er flutningur brjefanna með pósti margborgaður, jafnvel þó að burðargjald þeirra væri ekkert hækkað frá því, sem nú er. Þar við bætist það, að gjöld þau, sem ákveðin eru í frv. fyrir almenn brjef innanlands, eru töluvert hærri en burðargjöld eru ákveðin milli Danmerkur og Íslands, og er það óviðfeldið að taka hærri gjald fyrir flutning brjefa innanlands en til útlanda. Nefndin ber því fram breytingartillögu, er fer í þá átt að lækka burðargjöld fyrir almenn brjef, frá því sem ákveðið er í frv., en þó þannig, að þau hækka nokkuð frá því sem nú er. Verður þá burðargjaldið innanlands eins og milli Danmerkur og Íslands, og hefir aðalpóstmeistari fallist á þessa tillögu nefndarinnar. Mundi og heppilegra að hækka burðargjöld þessi smátt og smátt, ef þess þætti þurfa, heldur en mjög mikið í einu.

Þá hefir nefndin orðið sammála um að ráða frá því að hækka burðargjald fyrir blöð og tímarit. Ber þar tvent til. Fyrst það, að með hækkun þeirri, sem farið er fram á í frv., yrði lagður svo þungur skattur á þau blöð og tíma-

rit, sem mikið er sent af út um sveitir landsins, að það yrði verulega tilfinnanlegur kostnaðarauki. En á hinn bóginn næmi tekjuauki póstsjóðs. af þessari hækkun ekki svo miklu, að hann munaði verulega um það. Nánari grein verður gerð fyrir þessu í framsögu málsins.

Aðrar verulegar breytingar leggur nefndin ekki til, að gerðar verði á frv., en viðurkennir fullkomlega þörfina á því að auka tekjur póstsjóðsins, svo mjög sem útgjöldin hafa vaxið.

BREYTINGARTILLAGUR.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, skal breytt þannig:

Á eftir c-lið í 5. grein komi nýr liður:

d. Opium, morfín, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í böggjum, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:

Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

2. Við 2. gr.

a. Við a-lið 1 (Almenn brjef).

I. Fyrir »25 aurar« komi:

20 aurar.

II. Fyrir »50 aurar« komi:

40 aurar.

III. Fyrir »100 aurar« komi:

60 aurar.

IV. Fyrir »landa utanríkis« í annari málsgr. komi:

útlanda.

b. Við a-lið 3.

Fyrir »25 aurar« komi:

30 aurar.

c. Við f-lið (Fyrir blöð og tímarit).

Liðurinn falli burt.

d. Gleiðletraða línán framan við d-lið (í stað komi) verði:

í stað 4. gr. d. og e. komi:

3. Við 3. gr.

Í stað »1. apríl« komi:

15. maí.

Alþingi, 24. mars 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Jakob Möller,
framsögumaður.

Sveinn Ólafsson. Þórarinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.